

73 taki sá sjóður við skuldbindingum húsyrningarsjóðs og tekjum, sem 5. nóvbr. honum kunna að bera eftir þann tíma.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið samkvæmt 31. gr. tilsk. 20. apríl 1872, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. nóv. 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

74

8. nóvbr.

REGLUR

nm

útsvarsskýrslur utansveitarmanna.

Samkvæmt fyrirmælum í 11. gr. laga nr. 46 15. júní 1926 um útsvör eru eftirfarandi reglur settar:

1. gr.

Sveit í reglum þessum tekur bæði yfir hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn tekur bæði til hreppsnefnda og bæjarstjórna.

Atvinnusveit merkir hrepp eða kaupstað, þar sem atvinna er rekin.

Heimilissveit merkir þann hrepp eða kaupstað, þar sem atvinnurekandi eða atvinnustundandi á heimilisfang.

Utansveitarmaður merkir hvern þann, er rekur atvinnu eða stundar atvinnu utan sveitar sinnar.

2. gr.

Hverjum þeim, einstaklingi eða fjelagi, er:

1. hefir heimilisfasta atvinnustofnun, einkaatvinnu sína eða útibú, utan heimilissveitar sinnar,
2. hefir leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi þeim ábúð, svo sem laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, er arð gefa, o. s. frv., utan heimilissveitar sinnar,
3. á heima erlendis, en rekur hjer atvinnu,
4. stundar fiskiveiðar og leggur upp afla af skipi utan heimilissveitar sinnar,

5. rekur annars atvinnu utan heimilissveitar sinnar, svo sem verslun, selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsölu, síldarverkun eða síldarbræðslu eða verksmiðjuíðnað, 74 8. nóvbr.

6. flytst búferlum úr einni sveit í aðra, svo og

7. erlendum váttryggingarfjelögum,

er skylt að senda sveitarstjórn atvinnusveitar sinnar skýrslu um atvinnurekstur sinn í atvinnusveitinni, eignir þar og atvinnutíma síðastliðið almanaksár, reikningsár eða rekstrartímabil, á eyðublöðum samkvæmt I. sýnishorni hjer á eftir.

Þeir, er í 1. og 2. tölulið segir, skulu senda skýrslurnar fyrir febrúarlok ár hvert, en þeir, sem í 3.—6. tölulið getur, skulu gera það áður en þeir flytjast búferlum eða áður en þeir hverfa aftur úr atvinnusveitinni, og þó aldrei síðar en fyrir febrúarlok ár hvert. Er lend váttryggingarfjelög sendi skýrslurnar eigi síðar en 30. júní ár hvert. Skulu þær greina iðgjöld síðasta árs af tryggingum, er greiðst hafa umboðsmanni þar í sveit síðasta reikningsár.

3. gr.

Þeir, er

1. stunda atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minsta kosti 3 mánuði samtals á gjaldárinu í sömu sveit, og

2. lögskráðir eru á skip utan heimilissveitar sinnar að minsta kosti 3 mánuði af gjaldárinu samfleytt í sömu sveit.

skulu senda sveitarstjórn atvinnusveitar sinnar skýrslu samkvæmt II. sýnishorni um atvinnu sína þar áður en þeir hverfa þaðan, þó aldrei síðar en fyrir febrúarlok ár hvert.

4. gr.

Allir þeir, sem hafa í þjónustu sinni utansveitarmenn, skulu senda sveitarstjórn atvinnusveitar, — fyrir lok febrúar, ef vinnuveitandi er búsettur í atvinnusveitinni eða hefir þar heimilisfasta atvinnustofnun, en ella þegar hvers árs atvinnurekstri þar í sveit er lokið, þó aldrei síðar en í febrúarlok, — skýrslu um vinnuþiggjendur sína samkvæmt III. sýnishorni.

5. gr.

Nú lætur aðili eigi af hendi skýrslu samkvæmt ákvæðunum hjer að framan, og getur atvinnumálaráðuneytið þá lagt við 50—200 króna dagsektir, ef skyldunni er ekki fullnægt innan þess tíma, er ráðuneytið tiltekur.

6. gr.

Sveitarstjórn getur krafðið utansveitar atvinnurekendur um reikninga atvinnufyrirtækis þeirra eftir sömu reglum sem skattanefndir geta

74 það. Svo er sveitarstjórnnum og rjett að rannsaka eða láta rannsaka
8. nóvbr. bækur utansveitar atvinnurekanda með sama hætti sem skattanefndir,
enda hvílir á sveitarstjórnnum sama þagnarskylda, sem skattanefndum
um þau atriði, er þeir verða áskynja um og hag aðilja varða.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið lætur gera eyðublöð þau, er í reglum þess-
um getur, og sjer um, að þau verði fáanleg hjá hreppstjórum og sveitar-
stjórnnum.

Skylt skal hreppstjórum, formönnum skattanefnda og oddvitum
sveitarstjórna að veita mönnum leiðbeiningar og aðstoð um skýrslu-
gjafir samkvæmt reglum þessum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. nóvember 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

I. Sýnishorn.

Skýrsla

um

atvinnurekstur

í hreppi
kaupstað árið 19
og

eignir sama í sama hreppi (og sje hjer
kaupstað
miðað við lok reikningsársins, eða þegar atvinnurekstri er lokið það ár
eða maður flytst búferlum).

A. Eignir.**74**

8. nóvbr.

- | | |
|--|----------|
| 1. Fasteignir, hverjar | kr. |
| 2. Skip 12 smál. og stærri | — |
| 3. Skepnur: kýr hestar ær o. s. frv. . . . | — |
| 4. Vjelar verkfæri bátar veiðarfæri | — |
| bifreiðar | — |
| 5. Vörubirgðir | — |
| 6. Útistandandi skuldir tilheyrandi atvinnurekstri | — |
| í hreppi | — |
| kaupstað | — |
| 7. Aðrar eignir tilheyrandi sama atvinnurekstri | — |
| hverjar? | — |

B. Skuldir.

- | | | |
|---|--------------------|----------|
| 1. Veðskuldir á eignum aðilja í | hreppi | kr. |
| | kaupstað | |
| 2. Aðrar skuldir tilheyrandi atvinnurekstri | — | |
| í | hreppi | — |
| | kaupstað | — |

C. Bruttotekjur.

- | | |
|--|--------------------|
| 1. Af atvinnurekstrinum (nefn hann) | kr. |
| 2. Af eignum í | hreppi |
| | kaupstað svo sem |
| húsaleiga, skipaleiga o. s. frv. | — |
| 3. Aðrar tekjur vegna dvalar eða atvinnurekstrar | — |
| í | hreppi |
| | kaupstað |
| | Kr. |

D. Frádráttur.

- | | |
|---|----------|
| 1. Mannahald: Borgun í peningum kr. | Fæði |
| karla daga, kvenna daga, húsnæði, hiti, | |
| ljós o. s. frv. | kr. |
| 2. Greidd leiga til atvinnurekstrarins | — |
| 3. Greiddir vextir vegna atvinnurekstrarins | — |
| 4. Viðhald á arðberandi eignum vegna atvinnurekstrarins . | — |
| 5. Annar frádráttur vegna atvinnurekstrarins | — |
| Hver? | — |
| | Kr. |

II. Sýnishorn.

Skýrsla

um

árið 19.

utan hrepps starfsmenn hjá bæjar

Fullt nafn	Heimili	Hvað unnið	Unnið frá—til	Kaup í peningum	Kaup í öðru svo sem húsnæði, fæði o. s. frv.	Athugasemdir

III. Sýnishorn.

Skýrsla

um

atvinnu undirritaðs í hreppi árið 19
kaupstað

Unnið hjá	Hvaða vinna	Frá—til	Kaup i peningum	Kaup i öðru svo sem húsnæði, fæði o. s. frv.	Athugasemdir

Skýrsla þessi er gefin að viðlögðum drengskap
(Stað — ár — og dagsetning)

Nafn
Heimili
Hreppur
Sýsla